

# ÁRSSKÝRSLA 2022



# ÁRSSKÝRSLA 2022

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum var stofnaður 1979, skólinn býður upp á fjölbreytt bóklegt og verklegt nám og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Skólinn er áfangaskóli en í því felst að námsefni í einstökum greinum er skipt niður í afmarkaða áfanga sem kenndir eru í eina námsönn og lýkur með prófi eða öðru námsmati í annarlök. Brautskráning er í lok hverrar annar.



FRAMHALDSSKÓLINN Í  
VESTMANNAEYJUM





## HLUTVERK OG MARKMIÐ

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008). Lögin kveða á um að hlutverk framhaldsskóla sé að stuðla að alhliða þroska nemenda, þannig að þeir séu vel undirbúnir til að taka virkan þátt í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi. Skólinn undirbýr nemendur bæði fyrir störf í atvinnulífi og frekara nám. Markmiðið er að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, ásamt því að þjálf þá í sjálfstæðum og skipulögðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun. Skólinn leggur einnig áherslu á að kenna nemendum að meta menningarleg verðmæti og hvetja þá til sífelldrar þekkingarleitar.

Í nútímaþjóðfélagi er mikilvægt að nemendur geti tekist á við nýjar spurningar frekar en að hafa tilbúin svör við ákveðnum spurningum. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum hefur byggt upp umhverfi sem hvetur til skapandi hugsunar, lausnamiðaðra vinnubragða og frjórrar hugsunar.

Markmið skólans er í fyrsta lagi að nemendur verði, að loknu námi, virkir og ábyrgir samfélagsþegnar, vel undirbúnir fyrir áframhaldandi nám og/eða þátttöku í atvinnulífinu. Í öðru lagi bjóða fjölbreytt og metnaðarfullt nám sem uppfyllir þarfir nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma. Í þriðja lagi að tryggja að skólaumhverfi og aðstaða fyrir nemendur og starfsfólk sé aðlaðandi, hvetjandi og styðjandi, þannig að skólastarfið verði árangursríkt og uppbyggjandi með áherslu á fagþekkingu, sköpunargleði og þróun.

# STEFNA SKÓLANS

Í stefnuskjali fyrir tímabilið 2021-2023 setur Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sér þrjú markmið sem unnið er að.

Markmiðin varðandi kjarnastarfsemi skólans eru:

- Minnka brotthvarf nemenda
- Efla gæði bók- og starfsnáms
- Fleiri nemendur innritist á verknámsbrautir og ljúki námi.

Til þess að ná settum markmiðum hefur skólinn farið í fjölmargar aðgerðir. Kennsla í byrjunaráföngum er í sífelldri endurskoðun og er rík áhersla lögð á það að rýna og vinna markvisst með vörðumat sem hefur nú verið tvisvar á önn auk lokamats um þó nokkurn tíma með mjög góðri reynslu. Vörðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að aðstoða nemendur við að bregðast við fyrr en ella með sérhæfðum stuðningi.

Stafræn færni kennara og nemenda hefur styrkst svo um munar í heimsfaraldrinum og hafa verklagsreglur um rafrænar vikulegar áætlanir í kennslukerfinu Innu verið teknar í notkun við góðar undirtektir. Nemendur á verknámsbrautum eru 41% af heildarfjölda nemenda skólans og útlit fyrir að sú tala komi til með að halda áfram að hækka á næsta ári. Vélarhermar fyrir vélstjórnarnámið voru uppfærðir, að auki var keyptur annar nýr og öflugri. Einnig voru keyptar nýjar og öflugar tölvur, skjáir og fleira fyrir hermana. Aðstaðan er nú hin glæsilegasta.



# STEFNA SKÓLANS

Varðandi rekstrarþætti skólans þá eru sett fram þrjú markmið.

Markmiðin eru:

- Efla faglega starfshætti og stuðla að stöðugum umbótum
- Efla mannauð skólans
- Draga úr umhverfisáhrifum

Til þess að ná settum markmiðum eru settar fram aðgerðir, vörður á leiðinni og metið með reglubundnum hætti hvernig til tekst. Skólinn tekur þátt í verkefninu Græn skref og vinnur nú að því að fá fjórða og fimmta skrefið. Starfsmönnum er boðið upp á samgöngusamning og hefur 25% starfsfólksins nýtt sér þennan kost og kemur til vinnu með umhverfisvænum hætti.

Í skólanum starfar kraftmikill hópur fagmanna sem með reglubundnum hætti sækir sér endurmenntunar. Bætt hefur verið í stofnanasamninginn hvetjandi ákvæði um endurmenntun og aukna fagvitund.

Á haustönninni fór stór hópur starfsfólks í námsferð til Berlínar. Vönduð og góð dagskrá sem Berlínur skipulögðu. Svona ferðir eru mikilvægur hluti af endurmenntun starfsfólksins og einnig gefst tækifæri til að efla tengsl og vináttu í slíkum ferðum. Markmiðin eru flest á áætlun og unnið er stöðugt að þeim auk þess sem ný markmið líta dagsins ljós samhliða þeirri vinnu.







## STARFSEMI

Skólinn er áfangaskóli sem býður upp á fjölbreytt verk- og bóknám. Bæði styttri brautir og brautir til starfsréttinda og stúdentsprófs. Haustið 2022 voru starfræktar 13 námsbrautir, níu verk- og starfsnámsbrautir, starfsbraut fyrir fatlaða, framhaldsskólabrú og stúdentsprófsbraut. Stúddentsprófsbrautin býður upp á þrjár mismunandi námslínur, auk þess sem nemendur geta lokið stúdentsprófi að loknu starfsnámi. Skólinn er virkur þátttakandi í starfi og þróun Fjarmentaskólans. Auk þess starfrækir hann Íþróttakademíur í samstarfi við Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV) og Golfklúbb Vestmannaeyja (GV). Vorið 2022 stunduðu 19 nemendur nám í íþróttakademíunum, á haustönn voru nemendurnir 22.

Skólinn hefur markvisst sett sér stefnu um að efla formlegt samstarf við hagsmunaaðila, þar á meðal atvinnurekendur, til að styrkja og þróa nám á sviði iðn- og tæknigreina. Markmiðið er að fleiri nemendur velji og ljúki námi á þessu sviði. Staðsettur í öflugum og rótgrónum sjávarplássi nýtur skólinn ómetanlegs velvilja frá fyrirtækjum bæjarins, bæði stórum og smáum.

*“Milli nýs og gamals er allt óskapað.” – Svava Jakobsdóttir*

# NÁMSFRAMBOÐ

Námsskipulag á framhaldsskólastigi er hannað með það að markmiði að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda með því að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir. Framboð náms hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og mikil aukning verið á framboði náms í byggingargreinum samhliða aukinni eftirspurn.

## Eftirtaldar námsbrautir voru í boði við skólann haustið 2022:

- Stúdentsbraut - bóknám (15-82-3-6), 48,6% nemenda stunda nám á þessari braut.
- Stúdentspróf- starfsnám ( 20-471-3-7), 0,9% nemenda stunda nám á þessari braut.
- Starfsbraut (17-338-3-8), 1,4% nemenda stunda nám á þessari braut.
- Vélstjórn B (17-332-3-8), 10,8% nemenda stunda nám á þessari braut.
- Vélstjórn A (17-331-2-4), 2,3% nemenda stunda nám á þessari braut.
- Sjúkraliðabraut (16-182-3-8), 8,9% nemenda stunda nám á þessari braut.
- Framhaldsskólabrú (17-339-1-1), 9,3% nemenda stunda nám á þessari braut.
- Grunn nám bygginga og mannvirkjagreina (17-317-3-8), 5,2 % nemenda stunda nám á þessari braut.
- Grunn nám rafiðna (19-172-2-5), 1,9% nemenda stundar nám á þessari braut.
- Múraraíðn (20-454-3-8), 8,9% nemenda stundar nám á þessari braut



Sóknarfæri skólans liggja ekki síst í því að bregðast við breyttum þörfum samfélagsins og einstaklinga sem vilja sunda nám óháð búsetu, atvinnu eða af öðrum ástæðum. Fjarnám hefur ekki orðið að því sem vonir stóðu til og eru örfáir nemendur sem stunda fjarnám við skólann en við sjáum fyrir okkur að með auknu fjarnámi væri hægt að styrka kjarnastarfsemi skólans ásamt rekstri hans. Undirbúningsvinna sem hófst á árinu 2018 og miðaði að því að sem flestir áfangar væru uppsettir þannig að hægt væri að stunda þá í fjarnámi hefur haldið áfram og það eru lang flestir bóknámsáfangar settir upp á kennsluvef en kennslufyrirkomulag og eðli verkefna hamlu því að fjarnámið verði að því sem vonir stóðu til. Endurskoðun heldur áfram.



# MANNAUÐURINN

## Starfsfólk

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum gerir sér ljóst að starfsmenn eru ein mikilvægasta auðlind skólans og afar mikilvægt að sú auðlind sé bæði vel nýtt og að henni sé hlúð. Starfsmannahópur framhaldsskólans er fjölbreyttur, vel menntaður og öflugur sem leggur sig fram við að gera góðan vinnustað betri með jákvæðni, seiglu og góðum samskiptum. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum viðheldur góðu starfsumhverfi með því að leggja reglulega fyrir árangursmælingar þar sem viðhorf starfsmanna til mismunandi þátta eru könnuð, m.a. starfsánægju, sjálfstæðis til ákvarðanatöku, stuðnings frá stjórnendum og vinnuaðstöðu. Niðurstöður sem fást úr slíkum mælingum eru mikilvæg tæki fyrir stjórnendur þar sem í þeim felst regluleg endurgjöf frá starfsfólki á störf þeirra auk þess sem niðurstöðurnar gefa góða mynd af upplifun starfsfólksins sjálfs.

Jafnlaunakerfi skólans uppfyllir kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og er vottað af ICert. Árlega fer skólinn í viðhaldsúttektir á því kerfi. Meginmarkmið kerfisins er að tryggja að starfsfólk óháð kyni njóti sömu launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Kerfið er allt skjalað í gæðahandbók skólans og þannig hefur umgjörð verið sköpuð til að viðhalda því, tryggja stöðugar umbætur, eftirlit og viðbrögð.

Við skólann starfa 22 kennarar í 19 stöðugildum. Þar af eru 3 stundakennarar sem eru án kennsluréttinda en sérfræðingar í sínu fagi og einn leiðbeinandi. Yfir 95% kennara (stundakennarar ekki taldir með) eru með kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. 46% kennara eru karlar og 36% kennara eru 55 ára og eldri. Að auki starfa við skólann skólameistari og aðstoðarskólameistari báðir í fullu starfi. Náms- og starfsráðgjafi er í 70% starfshlutfalli, fjármálastjóri í 75% starfshlutfalli, umsjónarmaður fasteigna í 100% starfshlutfalli, skrifstofustjóri í 50% starfshlutfalli, forstöðumaður bókasafns í 55% starfshlutfalli, einn stuðningsfulltrúi á starfsbraut í hálfu stöðugildi og þrír ræstitæknar sem hver um sig er í 47% starfshlutfalli. Af þessum hópi starfsfólks er 20% karlkyns og aldursdreifingin þannig að 40% eru 55 ára eða eldri.





# MANNAUÐURINN

## Nemendur

Nemendur eru stærsti hluti mannauðs skólans og er nemendahópurinn fjölbreyttur og aldursdreifingin nokkuð mikil og áhersla lögð á að sem flestir geti stundað nám við sitt hæfi. Mikilvægt er að hafa ávallt í huga að verið sé að mennta einstaklinga til að takast á við framhaldsnám og störf framtíðarinnar.

Árið 2022 stunduðu að meðaltali 215 nemendur nám við skólann, 214 á vorönn og 215 á haustönn. Fleiri drengir en stúlkur stunda nám við skólann, 57% drengir og 43% stúlkur. Hlutfallsleg skipting nemenda á verknámsbrautum er hins vegar mjög kynbundin. Á sjúkraliðabraut eru allir nemenda kvenkyns. Á öðrum verknámsbrautum eru karlkyns nemendur um 98%. Langflestir nemendur skólans eru búsettir í Vestmannaeyjum og nær allir sem ljúka 10.bekk í Grunnskóla Vestmannaeyja halda námi sínu áfram við framhaldsskólann.




## Skipting nemenda eftir brautum

Braut	Heiti brautar	Vor 2022	Haust 2022
FB	Framhaldsskólabrú	11	20
ST1	Stúdentsbraut	97	101
MG	Grunnnám í málm- og véltækni	1	6
SJ	Sjúkraliðabraut	30	16
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjageina	8	8
GR	Grunnnám rafiðna	5	3
STB4	Starfsbraut	5	5
HUSB	Húsasmíðabraut	3	3
MR	Múraraiðn	18	20
VA	Vélstjórn A-réttindi	2	5
VB	Vélstjórn B-réttindi	21	24
VSS	Viðbótarnám af starfsnámsbrautum	3	2

*“Göfgi og erfði kennarastarfsins er í því fólgið, að það er sálarstarf.”* – Þórarinn Björnsson

## Fjöldi útskriftarnema eftir brautum





# FÉLAGSSTARF NEMENDA

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum leggur mikla áherslu á fjölbreytt og öflugt félagslíf.

Nemendafélag skólans, NFFÍV, heldur utan um félagslíf nemenda, skipuleggur keppnir, viðburði og aðrar upptakomur. Markmið félagsins er að skapa heilbrigt, vímuefnalaust umhverfi og stuðla að því að öllum nemendum líði vel í skólanum. Allir nemendur sem greiða félagsgjöld í upphafi annar tilheyrta félaginu. Þátttaka nemenda í félagslífi er almennt mjög góð. Hvar sem nemendur skólans koma saman, eru þeir alltaf sjálfum sér, skólanum og samfélaginu til sóma.

Árið 2022 fór rólega af stað vegna samkomutakmarkana, en í febrúar tók starfsfólk skólans frumkvæðið og hélt „danska daga“ til að gleðja nemendur. Í salnum ómuðu dönsk dægurlög, bornar voru fram danskar pylsur í brauði og fyrrverandi dönskukennari flutti Kim Larsen á skemmtilegan hátt. Nemendur tóku þátt í leikjum og fróðleik um Danmörku, og stemningin lifnaði við á ný.

Þegar afléttingar komu til sögunnar tók nemendafélagið fljótt við sér. Í mars var haldin stór og glæsileg árshátíð þar sem tónlistarfólk skólans, tæknifólk, listrænir nemendur og skipuleggjendur sameinuðust til að skapa einstakan viðburð. Salurinn var fagurlega skreyttur, skemmtiatriðin stórkostleg, og allir lögðu sitt af mörkum til að gera kvöldið ógleymanlegt. Í apríl tók fjöldi nemenda þátt í alþjóðlegri ritgerðarsamkeppni um málefni Sameinuðu þjóðanna. Tíu þeirra voru valdir í viðtal, og tveir hlutu viðurkenningar ásamt ferð innanlands og erlendis með öðrum vinningshöfum.

Haustið var einnig líflegt með fjölbreyttum viðburðum á borð við íþróttamót, spilakvöld og óvæntri Hrekkjavöku. Þá var skólinn skreyttur hátt og lágt, og starfsfólk mætti í búningum sem vakti mikla gleði og furðu hjá nemendum. Þetta var í fyrsta sinn sem margir sáu kennara sína í slíkum búningum, og þótt sumum fyndist það óþægilegt, voru viðbrögðin jákvæð og góð.







## BROTTHVARF

Í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum hefur markvisst verið unnið að því síðustu ár að draga úr brotthvarfi nemenda. Þessi mikla vinna hefur skilað sér og er brotthvarf skólans lágt en við sjáum að það er að aukast eftir heimsfaraldurinn. Árið 2022 var brotthvarf við skólann undir 3,8% á vorönn en 4,4% á haustönn. Nemendur fengu ríkan stuðning við heimanám og áfangaval, námsframboð var aukið, námsaðstaða bætt, samskipti eflð og félagslíf nemenda styrkt og tæknin áfram nýtt til að efla samskipti við nemendur. Námsráðgjafi skólans vann markvist með þeim nemendum sem voru að slaka á í náminu. Nemendum var leiðbeint og þeir fræddir um skuldbindingar gagnvart námi og námstækni eflð. Á haustönninni var mun meira um að nemendur bæru fyrir sig mikilli vinnu og bitnaði það á náminu, einnig fannst mörgum álagið vera of mikið og minnkuðu við sig námið.

Að sporna við brotthvarfi er verkefni sem aldrei lýkur, við sjáum að nemendur þurfa að sinna fleiri verkum núna eftir heimsfaraldurinn og eiga eftir að fóta sig í því verkefni. Það er mikilvægt að vinna markvisst að því að finna leiðir til þess að auka skuldbindingu nemenda til náms og gera þeim kleift að ljúka námi úr framhaldsskóla á tilskyldum tíma, kenna þeim að takast á við álag og forgangsraða.

*“Það hvessir, það rignir en það styttir alltaf upp og lygnir” – Ragnar Bjarnason*

# SJÁLFSMAT

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans og er verkfæri í framþróun hans. Megintilgangur sjálfsmats er að stuðla að framgangi settra markmiða, endurskoða þau, stuðla að umbótum og vinna þannig að með þau að þau verði hluti af starfs – og þróunaráætlunum. Nýta má sjálfsmat til að tryggja gæði skólastarfs og efla fagmennsku starfsfólks. Skólinn er fyrir nemendur og allt skólastarf skal vera í þeirra þágu.

Við sjálfsmatið notar skólinn stefnumiðað árangursmat.



Lykilþættir og stærðir í skólastarfinu				
Vöxturþróun	Ánægja viðskiptavina	Frammistaða starfsfólks	Gæði skólastarfs	Fjárhagsleg frammistaða
Mælikvarðar				
Nemendafjöldi	Viðhorf	Einkunnir	Skólabragur	Fjárlög
Námsbrautir	Ábendingar	Skólasókn	Kennsla	Rekstraráætlun
Húsnæði	Umfjöllun	Áfangamat	Félagslíf	Rauntölur
Búnaður		Viðtöl	Tengsl	Innra eftirlit
Þróunarstarf		Starfsánægja	Forvarnir	
		Starfsmannavelta	Umhverfismál	
		Menntun	Ytra mat	
		Laun		
		Námkskeið		
		Fjarvistir		
		Innra mat		



# HÚSNÆÐISMÁL

Skólahúsnæðið er í heild 3.172 fermetrar og þar af eru 918 fermetrar kennslurými. Í skólanum eru 18 kennslustofur, þar af sjö almennar kennslustofur, listagreinastofa/rými, raungreinastofa, þrjár hópinnustofur, fjórar verklegar stofur, núvitundarstofa og kennslustofa fyrir starfsbraut ásamt kennslueldhúsi. Í skólanum er hátíðarsalur sem einnig er nýttur sem vinnuaðstaða fyrir nemendur. Í skólanum er bókasafn, aðstaða fyrir nemendafélag skólans, skrifstofur fyrir starfsfólk og tvö fundarherbergi.

Mikilvægt er að aðstaða í skólanum endurspegli þau markmið sem unnið er að. Uppbygging og endurnýjun hefur verið á innviðum skólans frá árinu 2015. Það er mikilvægt fyrir skólann að boðið sé uppá hvetjandi starfsumhverfi sem stuðlar að góðum skólabrag, eykur vellíðan, áhuga, skuldbindingu til náms og hlýlegt andrúmsloft þar sem nemendur finna sig velkomna og starfsfólk nýtur sín sem sérfræðingar í leiðsagnarhlutverki sínu.





# UPPLÝSINGAGJÖF

## Kennslukerfið

Inna er upplýsinga- og kennslukerfi skólans sem heldur utan um alla þætti náms hjá nemendum, m.a. einkunnir, ástundun, námsferil, stundatöflu, námsáætlanir áfanga ofl. Áhersla er lögð á að bæði nemendur og kennarar nýti sér allt það sem Inna hefur uppá að bjóða.

## Heimasíðan

Stefna heldur utan um vefumsjónarkerfið Moya sem heimasíða skólans er byggð á. Heimasíðan er mikilvæg upplýsingaveita fyrir skólann. Þar er að finna allar helstu upplýsingar um skólann. Þar er m.a. haldið utan um námskrá skólans sem er í sífelldri endurskoðun.

## Samfélagsmiðlar

Til þess að ná til fleiri einstaklinga sem láta sér málefni skólans varða eru flestar upplýsingar um starfsemi skólans og viðburði á hans vegum sett á samfélagsmiðla. Skólinn notar Fésbókina og Instagram. Með því að halda úti virkum samfélagsmiðlum eykur skólinn sýnileika sinn og styrkir ímynd hans.

## Gæðahandbókin

Gæðakerfi CCQ heldur utan um gæðaskjöl skólans. Gæðakerfið byggir á ISO 9001 staðlinum sem fjallar m.a. um ábyrgð stjórnenda, stjórnun auðlinda, uppbyggingu ferla vegna þjónustu, mælingar á starfsemi og hvernig frávik eru greind svo hægt sé að stuðla að sífelldum umbótum. Meginþáttur staðalsins snýr að því að hlusta á þarfir viðskiptavina og laga starfsemina að óskum þeirra eins og mögulegt er. Gæðakerfið nær yfir meðferð erinda og þjónustu við viðskiptavini, stjórnun og umsýslu mannauðsmála. Með rekstri gæðakerfis vill skólinn tryggja að kröfur sem til hans eru gerða í lögum og regluferðum séu uppfylltar, sem og væntingar og þarfir nemenda og starfsfólks. Gæðahandbók skólans má finna á heimasíðu hans.

## Skjalavistun

Skólinn vistar skjöl sem ekki eru vistuð í gæðahandbókinni í skjalavistunarkerfi GoPro. Innleiðingu er lokið og er allt nú skjalað samkvæmt reglum þjóðskjalasafnsins og skjalavistunaráætlun skólans.

## Bókhalds- og innheimtukerfi fjársýslu ríkisins

Skólinn notar bæði Orra (Oracle) og TBR við umsýslu fjármála skólans.

# FJÁRMÁL

Fjárhagsstaða skólans er ásættanleg. Á árinu var ársveltan 434,4 milljónir og afkoma 0,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign 33,1 milljónir í árslok og eignir samtals 162,6 milljónir. Á árinu var haldið áfram með endurbætur á búnaði skólans. Aukið verknám kallar á aukinn búnað og aðlaga þarf kennslurými að þeirri kennslu sem fram fer hverju sinni.

# UMHVERFISMÁL

Sjálfbærni og umhverfismál voru áberandi árið 2022 eins og fyrri ár. Öll fimm grænu skrefin eru fyrir löngu komin í hús og skólinn er með grænt bókhald. Samgöngusamningar eru að festa sig í sessi og er umhverfismálunum gert hátt undir höfði í öllu skólastarfinu og allir jafnt starfsfólk sem nemendur meðvituð um að í allri umgengi þarf að sýna náttúrunni virðingu.

# TÆKNIMÁL

## Véla- og tæknibúnaður

Advania heldur utan um rekstur tölvukerfis skólans. Þráðlaus nettenging fyrir starfsmenn, nemendur og gesti skólans er aðskilin til að auka öryggi og styrkur tenginga hefur verið stórbættur síðustu ár. Lagður er metnaður í að vera ávallt með góðan og vandaðan tækjabúnað. Á hverju ári er einhver endurnýjun á fartölvum, tengikvíum, tölvuskjáum, skjávörpum og öðrum tilheyrandi vinnu- og hjálpartækjum.

## Menntaský og Microsoft Office 365

Allt starfsfólk og nemendur skólans eru með aðgang að Menntaskýi ríkisins og Microsoft Office 365 og Canva.

*“En þú átt að muna, alla tilveruna að þetta land á þig.”* – Guðmundur Böðvarsson

# ÝMIS SAMSTARFSVERKEFNI

Mjög farsælt samstarf hefur verið milli skólans og Íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) með akademíu í knattspyrnu, handknattleik og Golfklúbbs Vestmannaeyja (GV) með akademíu í golfi. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við innlenda og erlenda hagsmunaaðila til að bæta þjónustu við nemendur og starfsfólk og stuðla þannig að auknum og bættum tækifærum til náms.

Skólinn hefur í gegnum árin efnt til og tekið þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum. Árið 2022 fór af stað Erasmusverkefni í samtarfi við Finnland, Eistland, Þýskaland og Holland sem snérist um hæfni 21. aldarinnar. Í september var komið að okkar skóla að vera gestgjafinn. Dagskráin var hin glæsilegasta og gestirnir voru allir sammála því að þessi heimsókn toppaði allt og væri ógleymanleg.

Skólinn hlaut nafnbótina UNESCO skóli en markmið UNESCO-skóla er að auka og hvetja til menntunar um mál er tengjast markmiði UNESCO; að stuðla að friði og öryggi með því að efla samvinnu þjóða í mennta-, vísinda- og menningarmálum og efla þannig almenna trú og virðingu fyrir réttlæti, lögum og mannréttindum.

Um vorið tók stór hópur nemenda þátt í vörumessu Ungra frumkvöðla. Frumleg og skemmtileg verkefni urðu til með aðstoð kennara og þekkra frumkvöðla okkar Eyjamanna urðu verkefnin enn betri. Tvö verkefni frá framhaldsskólanum komust í úrslit að þessi sinni.







## STOFNUN ÁRSINS

Sameyki- stéttarfélag stendur að framkvæmd árlegrar könnunar um stofnun ársins í samstarfi við Gallup og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Í könnuninni er spurningalisti lagður fyrir starfsfólk um 200 stofnanna og það spurt um innri starfsemi stofnunar sinnar. Markmið könnunarinnar er að veita stjórnendum tæki til að vinna að útbótum í stjórnun og starfsumhverfi og á sama tíma aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.

Að þessu sinni hlaut Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 1. sætið í Stofnun ársins 2022 í sínum flokki. Þetta er í níunda skiptið sem skólinn er í hópi efstu stofnanna í könnuninni. Einkunnin sem starfsfólk skólans hafa gefið vinnustað sínum undanfarin ár ber vitni um góðan starfsanda, öflugt starfsfólk, góða liðsheild og góða stjórnun vinnustaðarins.





FRAMHALDSSKOLINN  
Í VESTMANNAYJUM



488-1070



skrifstofa@fiv.is



www.fiv.is